



Eygló Björnsdóttir
Kennari í starfi
Haustönn 2005

Ígrundunardagbók

Verkefni 1

Tryggvi R. Jónsson

<i>Ígrundunardagbók</i>	<u>0</u>
<i>Verkefni 1</i>	<u>0</u>
<i>Fagstéttir og fagmennska: Trausti Þorsteinsson</i>	<u>2</u>
<i>Röddin: Valdís Jónsdóttir</i>	<u>3</u>
<i>Ávana- og fíkniefni: Daniel Snorrason</i>	<u>5</u>
<i>Sérþarfir: Jörunn Elidóttir</i>	<u>6</u>
<i>Viðtalstækni: Kristín Aðalsteinsdóttir</i>	<u>7</u>
<i>Heimildaskrá</i>	<u>8</u>

Fyrri kennslulota námskeiðsins Kennari í starfi (KÍS1155) fór fram annan til fimmta nóvember. Nokkrir mismunandi aðilar komu til okkar og verður fjallað um hvern þeirra hér, einn kafla fyrir aðila eða efni eftir því sem við á óháð því hvort kennt var í heilu lagi eða hvort tímarnir skiptust á milli daga. Fjallað verður sérstaklega um efni Valdísar Jónsdóttur.

Fagstéttir og fagmennska: Trausti Þorsteinsson

Trausti ræddi um skilgreiningar Sigurðar Kristinsson heimspekings á hugtakinu fagstétt. Það virtist angra marga í hópnum að almennur skilning á hugtakinu fagmaður er tengdara iðnaðarmönnum en stéttum eins og læknum, lögfræðingum, prestum og auðvitað kennurum. Það er ruglingslegt þegar fræðimenn á sviði hugtakaskilgreininga eins og heimspekingar taka orð eins og fagmenn og tengja við það merkingu sem er ekki samrýmanleg við almenna notkun orðsins.

Nokkur atriði í umræðu Trausta um hugtakið vöktu þó sérstaklega athygli. Það fyrsta var notkun orðanna fagstétt, fagmaður og fagmennska. Í hugum flestra er þetta nefnilega ekki hið sama og því ruglandi að stökkva á milli þessara hugtaka í umræðunni, sérstaklega fyrri daginn þegar fyrirsögn tímans var fagstéttir. Á ensku eru þetta mismunandi orð með dálítinn merkingarmun. Fagstétt eða profession sem Broddi Jóhannesson kallaði skuldbundið lífsstarf árið 1978 er ákveðinn flokkun á störfum eða starfsstéttum sem virðist tengja meira virðingu stéttarinnar í samfélaginu en nokkru öðru. Á sama hátt eru margir sem sýna mikla fagmennsku (*professionalism*) í starfi án þess að hafa sérstaka skjólstæðinga.

Umræðan um hvort kennarar séu fagstétt er samt gagnleg og fær fólk til að hugsa á gagnrýnan hátt um starf sitt og starfsumhvefi. Þar koma inn hlutir eins og álit almennings inn í og staða stéttarfélagsins í þessari umræðu inn í myndina. Það er að hluta til gagnlegt að meta stéttina með hliðsjón af hefðbundnu fagstéttunum, læknum, prestum og lögfræðingum. Það þarf þó að fara varlega í þau skilyrði sem sett eru fram að þau passi við allar hefðbundnu stéttirnar. Það að starf presta sé til að mynda byggt á vísindalegum þekkingargrunni er í besta falli mjög umdeilt. Umræðan um hvaða kröfur sé svo hægt að gera til fagmanna og fagmennsku þeirra er síðan eitthvað sem á erindi við alla og hefði mátt fá meira vægi í þessari umfjöllun. Það að fagmaður byggi sínar ákvarðanir á bestu þekkingu sem til er í hans grein er ein af þeim kröfum. Sú umræða hefði jafnvel átt meira erindi við þennan hóp en skilgreining ákveðins

fræðimanns á hugtakinu fagstétt þó skemmtileg hafi verið. Umræðan sem spannst um þetta efni jafnt í kennslustund sem utan hennar var samt mjög skemmtileg og fróðleg.

Röddin: Valdís Jónsdóttir

Umfjöllun Valdísar fór yfir þau atriði sem tengjast rödd, raddbeitingu, hlustun, hlustunarskilyrðum og hlustunarskilningi.

Þau atriði sem Valdís nefndi til raddverndar og rétttrar beitingar raddar koma klárlega að gagni þar sem röddin er eitt helsta vinnutæki kennara. Það hefur einnig áhrif á hversu vel kennari er í stakkbúinn til að miðla upplýsingum til nemenda með þessu verkfæri. Það komu líka fram atriði um hvernig best væri að raða í stofur og um húsbúnað eins og borða og stóla.

Raddbeiting og þekking á merkingarbærum hljóðum og því sem aðstoðar hlustendur við að skilja talað mál hjálpar kennurum mikið í starfi sínu sem felst að stórum hluta í því að gera sig skiljanlega með röddinni. Það að fara vel með röddina getur valið minna álagi, fækkað veikindadögum og aukið árangur í starfi. Magnarakerfi geta hjálpað við að vernda rödd kennara og aukið skilning nemenda (Valdís Jónsdóttir, 2003). Það eru þó mörg önnur úrræði sem hægt er að nota önnur en magnarakerfi. Það má skipta þeim í hluti sem tengjast kennaranum, nemandanum og svo umhverfinu.

Kennarinn er gangandi hátalari og þarf að huga að því hvernig hann snýr, hversu hátt hann talar (*volume*), hve hratt og tónhæð (*pitch*). Þekking á uppbyggingu talfæranna getur hjálpað við að velja réttu beitinguna og fræðsla í hvað sé rangt og skaðlegt getur bjargað mörgum frá því að gera mistök sem koma niður á röddinni til skemmri og lengri tíma.

Nemandinn þarf að vera á réttum stað og snúa rétt. Hin hefðbundna raða uppröðun í kennslustundum kann að vera eins sú skársta sem völ er á í flestum kennslustofum. U-uppröðun veldur því að færri snúa beint að kennaranum og gerir því erfiðara fyrir að heyra það sem sagt er. Það að sitja skakkur er einnig slæmt fyrir nemandann og það er best fyrir hann að geta setið beint í sæti sínu og horft og hlustað beint fram fyrir sig í kennslustofunni.

Aðstæður í kennslustofu geta skipt höfuðmáli. Ekki eru til neinar reglugerðir eða kröfur um hvernig kennslustofur eiga að vera uppbyggðar. Aðrar en þær að utanaðkomandi hávaði skal ekki fara yfir 65dB(A). Annar hávaði svo sem af

húsgögnum, borðum og stólum getur verið mjög þreytandi og haft áhrif til þess að auka annan hávaða, svo sem raddstyrk nemenda og kennara. Þetta getur komið sér mjög vel að vita þegar kennslustundir og kennslurými eru skipuleggjaðar. Ef nemandi hefur allt við hendina þar sem hann er að vinna og þarf ekki að skaka til stólum og borðum oft í hverri kennlustund er hægt að draga verulega úr þessum hljóðum. Hljómburðareiginleikar rýma eru einnig mismunandi og hægt er að mæla þá með ýmsum hætti. Ekki er vitað til þess að það sé gert hér heima af skólum en einn af stærstu viðskiptavinum hljóðverkfræðinga í Danmörku eru skólar og þá sérstaklega leikskólar (Hannes Sigurðsson munnleg heimild, 7. nóvember 2005). Ein af þeim aðferðum sem hægt er að beita er RASTI-mælingar. RASTI stendur fyrir Rapid Speech Transmission Index og er mæling þar sem hljóðbylgjur eru sendar frá tæki og eiginleikar þeirra bornir saman þegar þeir eru numdir aftur af sama tæki. Vegna þess hveð auðveld er að mæla með RASTI þá er það notað í mörgum evrópustöðlum og reglugerðum (Meyer Sound, án árs).

Það er einnig nauðsynlegt fyrir kennara sem og aðra sem þurfa að nota röddina mikið að þekkja þann líffræðilega bakgrunn sem er að baki raddmyndun og talhljóðum. Oft er það dálítið á skjön við hljóðfræði eins og hún er kennd og það hjálpar því oft að fá annað sjónarhorn á efnið. Umfjöllunin var á köflum mjög tæknileg og gæti verið að hún hafi ekki náð til allra. Gagnsemi hennar fyrir mig var samt mikil þar sem ég hafði kynnst þessum málum áður bæði úr líffæra- og lífeðlisfræði og skynjunarsálfræði. Það að læra á gagnverkið á bak við talhljóðið getur hjálpað þeim sem nota röddina mikið að halda henni í þjálfun, gera æfingar sem sýndar voru og þekkja einkenni þess þegar eitthvað er að gefa sig. Það er einnig mjög mikilvægt að fá langan og góðan lista yfir hluti sem skal forðast og úrræði til að bregðast við. Það er til að mynda ekki óalgengt að aðili með hæsi sem fer til heimilislæknis sé bara sagt að fara heim og þegja og þá lagist þetta. Það að vita að hægt sé að leita til sérfræðings á þessu sviði (Anna Björg Magnúsdóttir í Fossvogi) er mjög mikilvægt fyrir fagfólk í tali.

Umfjöllun Valdísar var dæmi um fagmennsku í sinni bestu mynd. Fræðileg þekking Valdísar á efninu er yfirgripsmikil og tenging þeirrar þekkingar við hagnýta hluti var góð. Það hefði mjög auðveldlega verið hægt að búa til mjög fræðilegan og óhlutbundinn fyrirlestur um þetta efni sem sárafaír (undirritaður kannski einn...) hefði haft gaman eða hvað þá gagn af. Þessir fyrirlestrar eru í raun það sem telja má til fyrirmyndar um það hvernig kynning í námskeiðinu Kennari í starfi á að vera.

Passlega tengdur við traustan þekkingarlegan grunn sem byggður er á vísindalegum athugunum og mjög gagnlegur öllum þeim sem nota röddina meira en á hátíðisdögum.

Framsetning Valdísar var skýr og gagnleg og margir sýndu henni áhuga og mikið var spurt í tímunum og sennilega hafa allir farið heim fróðari og jafnvel dálítið innblástnir af *raddvernd* eftir þessa tíma.

Ávana- og fíkniefni: Daníel Snorrason

Daníel kom ásamt Eyþóri Þórbergssyni og sagði frá helstu ávana- og fíkniefnum. Daníel sagði á glöggan og skýran hátt frá stöðu mála á Akureyri, einkennum helstu fíkniefna og þeim tækjum og tólum sem notuð eru til að neyta þeirra. Það er mjög gagnlegt fyrir alla sem vinna með börnum og unglingum að þekkja þessi einkenni. Sérstaklega þau einkenni sem sjá má í byrjun næstu, þær hegðunarbreytingar sem verða og svo framvegis. Margir eru mjög grandalausir um þessi einkenni og því fyrr sem hægt er að grípa inn í því betra. Kennarar eru oft í góðri aðstöðu til að sjá þetta, þar sem þeir eyða oft miklum tíma með nemendum sínum og hafa samanburð við aðra nemendur. Foreldrar eiga oft erfitt með að sjá þessar breytingar á sínum eigin börnum þar sem þá vantar samanburð við hvað gæti talist *eðlileg* hegðun. Foreldrar eiga líka oft erfitt með þetta mat vegna tilfinningalegrar nálægðar sem skekkir mat þeirra. Því er aðstaða kennara oft betri þó svo að það sé ekki klár hver ábyrgð þeirra er í þessum málum. Það er hins vegar mjög mikilvægt fyrir kennara að vita hvernig á að bregðast við. Best væri fyrir skóla að setja sér vinnureglur um hvernig eigi að taka á grun um fíkniefnaneyslu- og sölu.

Vinna þarf þessi mál í samstarfi við lögreglu á hverjum stað fyrir sig og samstarf milli kennara og lögreglu þarf að vera byggt á trausti og skilningi. Lögreglan mætti gera meira til að aðstoða kennara við að vinna úr svona málum, en ekki bara að kenna grundvallaratriðin í því að þekkja þessi mál. Lögreglan þarf aðstoð þeirra sem vinna með börnum og unglingum að halda og mætti því gera meira í því að nálgast þessar stéttir og byggja upp gott samband við þessa aðila, sem geta aðstoðað lögreglu við að afla upplýsinga og stöðva sölu og dreifingu efna.

Eyþór tók svo við og fjallaði um lagalega umgjörð fíkniefnabrota. Tölfræði yfir ákærur og fleira sem gat nú ekki talist mjög mikil viðbót við það sem áður hafði komið fram hjá Daníel um þróun þessara mála á svæðinu. Umræða Eyþórs fór þó

fljótt inn á brautir sem voru mjög vafasamar og viðbrögð hópsins við þeim voru margvísleg, allt frá því að halda að þetta væri grín yfir í hneykslan. Það hefði mögulega verið hægt að bæta einhverju við það efni sem Daníel hafði áður farið yfir en það var ekki þetta. Það má vera að þetta hafi verið ætlað til þess að örva umræður eða fá fólk til að hugsa um þessi mál frá öðrum sjónarhornum en framsetningin ef það var markmiðið tókst klárlega ekki.

Þarna hefði jafnvel mátt bæta við efni til að aðstoða kennara við að finna og bregðast við misnotkunarmálum. Það er málaflokkur sem hefur verið til umræðu undanfarið og mætti bæta fræðslu á því sviði.

Sérparfir: Jórunn Elíóttir

Jórunn sagði okkur frá helstu vandræðum sem fengist er við í sérkennslu. Hún nefndi sérstaklega TEACCH-kerfið sem notað er meðal annars í starfsdeildum MK. Okkur var bent á nokkrar heimasíður félagasamtaka á Íslandi með upplýsingum um ýmis mál eins og Downs-heilkenni, einhverfu, misþroska og margt fleira. Margt af því efni sem þar var farið í var búið að fara í í sálfræðinámskeiðinu sem kennt er á fyrra ári námsins og því var kannski um endutekningu að ræða. Að þeirri yfirferð lokinni virtist aðaláhersla vera á hvað sérkennsla væri og viðhorf til sérkennslu og þeirra sem þurfa á henni að halda. Vissulega er það nauðsynlegt fyrir almenna kennara að vita til hvers sé ætlast af sérkennslu og hafi skilning á þeim aðferðum og takmörkunum sem notaðar eru.

TEACCH-kerfið tekur til dæmis á mörgu því sem gæti verið hægt að nýta sér í almennri kennslu. Það eru sömu spurningar sem vakna oft í sérkennslu eins og í almennri kennslu: hversu lengi, hvenær á að byrja, hvenær á að enda, hvað á að taka, hverju á að sleppa og svo framvegis eru allt spurningar sem koma upp við almennar aðstæður. Það hefði jafnvel verið gagnlegt að fá nánari lýsingu á því kerfi og jafnvel umfjöllun frá Jórúnu um hvernig hægt væri að hagnýta þá aðferðafræði í almennri kennslu. Á hinn bóginn hefði kannski verið gagnlegra fyrir þennan hóp að fá starfandi sérkennara sem vinnur í þessu umhverfi frá degi til dags heldur en aðila úr háskólaumhverfinu.

Það sem var kannski markverðast var sú nálgun að það væri hægt að kenna hverjum sem er ef réttum aðferðum sé beitt. Þetta er vissulega falleg hugsjón og gott leiðarljós fyrir fólk sem ætlar að takast á við kennarastarfið en leggur hins vegar

greiðarlega ábyrgð og álag á kennarann því það má túlka sem svo að þetta byggi allt á kennaranum og það sem ekki tekst sé á hans ábyrgð.

Viðtalstækni: Kristín Aðalsteinsdóttir

Kristín kynnti nokkrar aðferðir og nálganir í ráðgjöf (*counseling*). Það var gagnlegt að fá að prófa þessar aðferðir og sjá hvernig mismunandi nálgun getur litið út. Tímarnir hjá Kristínu voru ágætlega settir saman úr fyrirlestrum og verkefnum sem var ágætt á fjórða degi þegar búið var að sitja undir svo gott sem stanslausum fyrirlestrum allan tímann í sömu stofunni. Ég er ekki viss um hvaða gagn var af kynningunni á ráðgjöf sem slíkri nema ef það væri til að auka skilning hópsins á hvað væri hægt að ná fram með slíkri þjónustu. Slíkt er þó því miður ekki í boði víða á Íslandi.

Viðtalstæknin kemur sér samt mjög vel og getur hjálpað í samskiptum bæði við samstarfsmenn, nemendur sem aðra. Það hefði verið gagnlegt að benda á frekari upplýsingar um viðtalstækni og aðferðir. Það væri hægt að nýta margt úr þeim aðferðum til að bæta viðmót kennara og gera þá hæfari í starfi. Þarna var í raun verið að kynna fyrir hópnum aðferð sem hægt væri að nýta í starfi en það hefði þurft meira til að koma að verulegu gagni. Sú kynning kom mér að gagni strax í næstu viku í viðtali þar sem notast var við eigindlega aðferðafræði.

Heimildaskrá

Meyer Sound (án árs): *Machine Measures of Speech Intelligibility*. Skoðað þann 13.

nóvember 2005 af:

<http://www.meyersound.com/support/papers/speech/section4.htm>

Valdís Jónsdóttir (2003). *The Voice - An Occupational Tool. A Study of Teachers'*

Classroom Speech and the Effects of Amplification. Finnland: Tampere

University Press